

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 575/2013 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Sorþirðugjald.

Sorþirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarféluginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorþirðugjaldið er samsett úr kostnaði við hirðingu grátunnu og blátunnu. Soprtunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðahverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorþirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorþirðugjöld:	Íbúðarhús:	Grátunna kr. 15.000	Blátunna kr. 5.800
----------------	------------	------------------------	-----------------------

3. gr.

Sorþeyðingargjald.

Sorþeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarféluginu. Sorþeyðingargjöld:

Íbúðarhúsnæði	kr. 18.600
Sumarbústaðir	kr. 16.500
Atvinnuhúsnæði	kr. 41.500

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gámaðalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaði vegna gámaðalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarféluginu skv. magntölum frá verktaka sem sér um sorþirðu. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekanda:

a. flokkur	kr. 31.000
b. flokkur	kr. 61.700
c. flokkur	kr. 92.500
d. flokkur	kr. 153.900
e. flokkur	kr. 204.800
f. flokkur	kr. 307.900
g. flokkur	kr. 411.500
h. flokkur	kr. 514.500
i. flokkur	kr. 617.500

4. gr.

Leiga á sorpilátum.

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til bændabýla og fyrirækja ílát fyrir blátunnu eða heila gáma fyrir heyplast, pappír eða almennan fyrirtækjaúrgang. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalið í leigu blátunnukara er losun þeirra á reglugum dögum blátunnuhirðingar, ef starfsemin er á sama hirðingarstað og blátunnur við íbúðarhús. Leigutakar þurfa sjálfir að sjá um tæmingu ílátu eða semja um það sérstaklega við verktaka hreppsins ef um heila gáma er að ræða.

660 l blátunnukar:	Kr. 1.500 á mánuði.
1100 l blátunnukar:	Kr. 2.500 á mánuði.

Nr. 1128

7. desember 2015

Meðalstór gámur: Kr. 12.000 á mánuði.
Gámur fyrir heyplast: Kr. 60.000 á ári.

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af umhverfisnefnd Hrunamannahrepps þann 20. október 2015 og af sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 5. nóvember 2015 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands þann 27. nóvember 2015. Gjaldskráin tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1070/2014.

Hrunamannahreppi, 7. desember 2015.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 21. desember 2015